

Borgarráð

Tillaga að pósthúmeri 102 í Vatnsmýri

Lagt er til að borgarráð samþykki að farið sé á leit við pósthúmeranefnd Íslandspósts hf. að Vatnsmýrin fái pósthúmerið 102. Lagt er til að sá hluti pósthúmers 101 sem er sunnan Hringbrautar breytist í pósthúmerið 102 og að mörk við pósthúmer 107 og 105 haldist óbreytt.

Greinargerð:

Í ljósi umfangs pósthúmers 101, landfræðilega og með tilliti til byggingarmagns, er talið tímabært að skipta pósthúmerinu upp í tvennt. Eðlilegt er að miða mörkin við legu Hringbrautar. Eftir breytingu takmarkast 101 við gömlu byggðina í Reykjavík innan Hringbrautar, auk Örfiriseyjar. Umfang byggðar í dag á Vatnsmýrarsvæðinu sunnan Hringbrautar, er umtalsvert, þ.e. um 1350 íbúðir og 400 þúsund fermetrar atvinnuhúsnæðis. Í samræmi við stefnumörkun aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 er gert ráð fyrir að enn frekari byggð geti risið á Vatnsmýrarsvæðinu.

Óskað var eftir umsögnum frá hagaðilum þann 20. nóvember 2018, umsagnir bárust frá knattspyrnufélaginu Val, Valsmönnum hf., Hlíðarfæti ehf., lóðarhöfum E-reitar og Prýðisfélaginu Skyldi.

Fram kemur í umsögn frá knattspyrnufélaginu Val að þeir séu ekki á móti því að pósthúmerið 102 verði á Hlíðarenda. Stjórn Valsmanna hf. lýsa sig eindregið sammála tillögunni um að Vatnsmýrin verði með pósthúmerið 102. Í umsögn fyrirtækisins Hlíðarfötur ehf. kemur fram að þeir hafi orðið þess áskynja sem byggingaraðilar á umræddu svæði að einn mesti styrkleiki svæðisins, þegar kemur að markaðssetning og kynningu á svæðinu, er nálægð við miðbæinn, en um leið verandi ekki hluti af hinum eiginlega miðbæ Reykjavíkur. Auk þess sé hverfið í nálægð við stofnanir sem í huga fólks er ekki hluti af 101 t.d. Landspítala Háskóla sjúkrahús, Háskóla

Íslands, Háskólabankinn í Reykjavík, en með nálægð sinni styrkir íbúðasvæðið sem mun rísa í Vatnsmýrinni stofnanirnar til framtíðar. Hlíðarfæti ehf. er mjög áfram um að póstnúmer 102 verði að veruleika sem allra fyrst og styður því breytingu á póstnúmeri 101. Lóðarhafar E-reitar hugnast vel þessi fyrirhugaða breyting. Í umsögn Prýðisfélagsins Skjaldar er tillögunni mótmælt og tekið fyrir með öllu að póstnúmeri svæðisins verði breytt. Fram kemur í umsögn Prýðisfélagsins Skjaldar að íbúar svæðisins telji að breyting á póstnúmeri svæðisins hafi m.a. áhrif á húsnæðisverð. Í umsögninni er sérstök athygli vakin á því að fasteignaverð haldist í hendur við póstnúmer. Þá telur Prýðisfélagið Skjöldur umræðu um breytingu á póstnúmeri ótímabæra enda sé flugvöllurinn ekki að fara í fyrirsjáanlegri framtíð.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Umsögn knattspyrnufélagsins Vals, dags. 4.12.2018.

Umsögn Valsmanna hf., dags. 5.12.2018.

Umsögn Hlíðarfótar ehf., dags. 26.11.2018.

Umsögn lóðarhafar E-reitar, dags. 28.11.2018.

Umsögn Prýðisfélagsins Skjaldar, dags. 3.12.2018.



RE: Póstnúmer 102 - beiðni um umsögn
Bréf: t-póstur
Málsnúmer: R15090119
Bréfalyklar: 6620 Hverfaskipulag, almennt
Eigandi skjals: Linda Sif Sigurðardóttir
Staða: Í vinnslu
Dagsetningar:
Búið til: 06.12.2018
Dagsetning skjals: 04.12.2018

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: "Lárus Sigurðsson" <larus@valur.is>

Skjalalykill	6620 Hverfaskipulag, almennt	Málsnúmer	R15090119
Móttökudags.	04.12.2018	Skráð í GoPro	06.12.2018

Tegund skjals Efnisorð	t-póstur	Fyrir Borgarráð
---------------------------	----------	-----------------

Sent:

Sent til:

Notandi: "Lárus Sigurðsson" <larus@valur.is>
Dagsetning: 4.12.2018 16:02:08
Til: "Linda Sif Sigurðardóttir" <lindasif@reykjavik.is>
Efni: RE: Póstnúmer 102 - beiðni um umsögn

Sæl Linda Sif

Knattspyrnufélagið Valur hefur fjallað um málið og hefur ekkert á móti því að nýtt póstnúmer 102 verði á Hlíðarenda.

Kær kveðja

Lárus

Lárus Bl. Sigurðsson

Framkvæmdastjóri / CEO

Signature Larus

Reykjavík 05.-des-2018

Reykjavíkurborg

Umhverfis og skipulagssvið

Borgartúni 12 -14

105 Reykjavík

Tilvísun mál R15090119

Vísað er til erindis frá Umhverfis og skipulagssviði varðandi breytingu á póstnúmerum innan Reykjavíkur, þannig að svæðið sunnan Hringbrautar fái póstnúmerið 102.

Stjórn Valsmanna hefur yfirfarið fram komin rök með breytingunni og lýsir sig eindregið sammála henni.

Virðingarfyllst,

f.h. Valsmann hf.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Sig. Lárus Hólm'.

Sigurður Lárus Hólm

Framkvæmdastjóri.

Reykjavík 26.-nóv-2018

Reykjavíkurborg

Umhverfis og skipulagssvið

Borgartúni 12 -14

105 Reykjavík

Tilvísun mál R15090119

Vísað er til erindis frá Umhverfis og skipulagssviði varðandi breytingu á póstnúmerum innan Reykjavíkur, þannig að svæðið sunnan Hringbrautar fái póstnúmerið 102.

Á næstu tveimur árum mun á Hlíðarendasvæði rísa byggð sem telur um 700 íbúðir auk verulegs atvinnuhúsarýmis og eins og fram kemur í rökstuðningi með breytingunni þá er Hlíðarendasvæðið aðeins hluti þess nýja íbúðar og atvinnuhúsnæðis sem er að rísa sunnan Hringbrautar og því ljóst að umtalsverð fjölgun verður á svæðinu á næstu árum.

Hlíðarfótur, sem er að byggja 191 íbúð á Hlíðarendasvæði, hefur orðið þess skýrt áskynja að einn af megin styrkleikum svæðisins, þegar kemur að markaðssetningu og kynningu á svæðinu, er nálægð þess við miðbæinn, en um leið verandi ekki hluti af hinum eiginlega miðbæ Reykjavíkur. Nálægðin gefur byggingarsvæðinu að Hlíðaranda styrk um leið og aðgreiningin gerir það einnig.

Einnig er Hlíðarendasvæðið í nálægð við t.d. LSH, HÍ og HR, stofnanir, sem í huga fólks eru alls ekki hluti af 101 Reykjavík, en með nálægð sinni styrkja íbúðarsvæðið, sem er og mun rísa í Vatnsmýrinni framtíðinni.

Hlíðarfæti ehf. er mjög áfram um að póstnúmer 102 verði að veruleika sem allra fyrst og styður því þessa breytingu á póstnúmeri 101.

Virðingarfyllst,

f.h. Hlíðarfótar.



Sigurður Lárus Hólm

Framkvæmdastjóri.

**RE: Póstnúmer 102 - beiðni um umsögn****Bréf: t-póstur**

Málsnúmer: R15090119

Bréfalyklar: 6620 Hverfaskipulag, almennt

Eigandi skjals: Linda Sif Sigurðardóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 29.11.2018

Dagsetning skjals: 28.11.2018

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Hilmar Þór Kristinsson" <hilmar@reir.is>

Skjalalýkill	6620 Hverfaskipulag, almennt	Málsnúmer	R15090119
Móttökudags.	28.11.2018	Skráð í GoPro	29.11.2018

Tegund skjals	t-póstur	Fyrir Borgarráð
Efnisorð		

Sent:**Sent til:**

Notandi: "Hilmar Þór Kristinsson" <hilmar@reir.is>

Dagsetning: 28.11.2018 17:28:45

Til: "Linda Sif Sigurðardóttir" <lindasif@reykjavik.is>

Afrit til: valdimar@felagid.is, bjarni.mb@simnet.is

Efni: RE: Póstnúmer 102 - beiðni um umsögn

Sæl Linda

Okkur á reit E reit hugnast þetta vel.

Bestu kveðjur

Hilmar

From: linda.sif.sigurdardottir@reykjavik.is <linda.sif.sigurdardottir@reykjavik.is>**Sent:** miðvikudagur, 21. nóvember 2018 10:11**To:** bjarni.mb@simnet.is; valdimar@felagid.is; Hilmar Þór Kristinsson <hilmar@reir.is>**Subject:** Fw: Póstnúmer 102 - beiðni um umsögn

Tilvísun í mál: R15090119

Heil og sæl,


Óskað hefur verið eftir að lóðarhafar C-, D- og E-reitar veiti umsögn um meðfylgjandi tillögu. Óskað er eftir að umsagnirnar berist innan þriggja vikna.

Lagt er til að borgarráð samþykki að samráð verði haft um þá tillögu að póstnúmerinu 101 verði skipt í tvennt og að Vatnsmýrin fái póstnúmerið 102. Málið heyrir undir póstnúmeranefnd Íslandspósts hf. Vísað er til hjálagðs bréfs sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar þar sem færður er nánari rökstuðningur fyrir því að í ljósi umfangs póstnúmers 101, landfræðilega og m.t.t. til byggingarmagns og uppbyggingar framundan, sé tímabært að skipta póstnúmerinu upp í tvennt. Lagt er til að sá hluti póstnúmers 101 sem er sunnan Hringbrautar breytist í póstnúmerið 102 og að mörk við

póstnúmer 107 og 105 haldist óbreytt. Lagt er til að erindið verði sent til umsagnar Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Icelandair, Knattspyrnufélagsins Vals, Valsmanna hf. og Prýðifélagsins Skjaldar.

Kveðja,

Linda Sif Sigurðardóttir
Verkefnastjóri
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
sími: 411-4701
tölvupóstfang: lindasif@reykjavik.is



Prýðifélagið Skjöldur, íbúasamtök Skerjafjarðar senda frá sér eftirfarandi yfirlýsingu vegna beiðnar um umsögn vegna tillögu borgarstjóra varðandi breytingu póstnúmers Skerjafjarðar úr 101 í 102.

Umsögn fjölmenns aðalfundar íbúasamtaka Skerjafjarðar er svohljóðandi:

Í kjölfar fjölmenns aðalfundar Prýðifélagsins Skjaldar, íbúasamtaka sunnan flugvallar, er því harðlega mótmælt og tekið fyrir með öllu að póstnúmer Skerjafjarðar verði breytt í 102.

Yfirgnæfandi fjöldi Skerfirðinga fara fram á það að halda póstnúmeri 101 enda mikið undir fyrir íbúa hvað varðar húsnæðisverð, hvert þjónustan er sótt, hér er fólk að kaupa og eiga eignir vegna sérstöðu þessa hverfis sem sveit í borg, og svo mætti lengi telja. Vert er að taka það sérstaklega fram að fasteignaverð helst í hendur við póstnúmer. Meðalverð í póstnúmeri 101 á m2 er 483.762kr. en meðalverð m2 í 108 er 405.780kr sem er ca 78þús krónur á m2, eða 7,2 milljónir á 100 m2 íbúð (heimild frá verðsjá) Það er hagsmunamál í alla staði að íbúar Skerjafjarðar haldi sínu póstnúmeri, og sækja þeir alla sína þjónustu í 107 í næsta nágrenni sem dæmi kirkju, skóla, verslanir, íþróttafélag, tómstundir barnanna, sundlaug, félagsstarf aldraðra og fleira.

Það var einróma álit fundarins að þessi umræða sé algjörlega ótímabær þar sem flugvöllurinn er ekki að fara í fyrirsjáanlegri framtíð, þar sem honum hefur ekki verið fundinn nýr staður og við höfnum með öllu að tilheyra einhverju klofnu hverfi.

Fyrir hönd stjórnar Prýðifélagsins Skjaldar

Anna Bender, formaður

03. Desember 2018